

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 139

23. janúar 2025

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í gegnum fjarfundarbúnað 23. janúar 2025 kl. 8:30. Mætt: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Hrafn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Fundur settur

Formaður stjórnar setti fundinn.

### 2. Ársreikningur 2025

Skólameistari fór yfir ársreikning fyrir árið 2025 og helstu lykiltölur. Afkoma MB fyrir árið 2024 lítur út fyrir að vera jákvæð.

### 3. Nemendagarðar MB – gangur mála

Stjórnarformaður upplýsti að gengið hefur verið til samninga við verktaka og að upphaf framkvæmda verði jafnvel í næstu viku. Brákarhlíð fasteignarfélag undirritaði samning við Atlas verktaka um framkvæmdina. Verið er að ganga frá skráningu Nemendagarða MB hses. Eftirvænting er mikil innan MB, bæði hjá nemendum og starfsfólki.

Stjórn MB fagnar enn og aftur gang mála.

### 4. Skólastarf í upphafi vorannar 2025

Nemendafjöldi er meiri en áður hefur verið á vorönn, og skólinn er að vaxa. Það er mikill erill í skólanum á vorönn eins og vanalega, enda margt framundan bæði í kennslu og félagslífi. Áætlaður er fundur með menntamálaráðuneytinu í febrúar.



**MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR**

## **5. Kynningar- og markaðsmál**

Skólameistari fór yfir kynningarmál skólans sem miðast að því að vekja athygli á MB sem valkosti á framhaldsskólastigi. Kynningarmál verða með sama hætti og undanfarin ár. MB verður þátttakandi í viðburðinum „Mín framtíð“ í Laugardalshöll í mars, þar sem framhaldsskólar landsins kynna sínar námsleiðir. Verið er að efla MB á samfélagsmiðlum enn frekar.

## **6. Önnur mál**

Engin önnur mál borin upp.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 9:27